



Rimaskóli

Skýrsla

Innra mat – Greinargerð

Efnisyfirlit

- Innra mat skólans	3
- Innra mat – Matsáætlun	3
- Gæðaviðmið um skólastarf	6
- Námsárangur nemenda	8
- Viðhorf og líðan nemenda	8
- Viðhorf og líðan starfsfólks	10
- Viðhorf foreldra	10
- Menntastefna og stefna skólans	11
- Umbótaáætlun	13

Innra mat skólans

Inngangur

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir innra mati Rimaskóla. Sett er fram matsáætlun sem sýnir viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt nánari lýsingu á því hvernig matið fer fram. Helstu niðurstöður eru settar fram þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Unnið er með umbótaþætti áfram í umbótaáætlun.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum [gæðaviðmiðum um skólastarf](#), menntastefnu [Reykjavíkurborgar](#) og áherslum skólans. Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en fagmennsku/þróunarteymi skólans leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í fagmennsku/þróunarteyminu eru stigstjórar, stjórnendur og fulltrúar frá kennurum. Teymið fundar eftir þörfum eða að lágmarki tvisvar sinnum á hvorri önn. Stigstjórar funda oft um málefni á stigsfundum með kennurum.

Rimaskóli notar vefkerfið BRAVOLesson til að halda utan um innra matið.

Innra mat – Matsáætlun

Matsáætlun um innra mat

Skólinn vinnur matsáætlun fyrir innra matið þar sem sést hvenær helstu þættir eru metnir og hvernig (sjá áætlun hér fyrir neðan) en nákvæm verkáætlun fyrir skólaárið er unnin í BRAVOLesson.

Gæðaviðmið um skólastarf

Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með fagmennsku/þróunarteymi sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Matsfundir með kennurum og/eða öllu starfsfólki fara fram að lágmarki tvisvar á ári.

Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans. Ákveðnir kaflar í gæðaviðmiðunum eru einungis metnir af fagmennsku/þróunarteymi skólans.

Námsárangur nemenda

Niðurstöður námsmats eru nýttar til að bæta nám og kennslu einstaklinga og hópa/bekkja jafnóðum en í innra mati er námsárangur greindur út frá skólanum í heild. Námsmat sem skólinn nýtir í innra mati er lesfímipróf, sem eru greind og metin út frá útgefnum viðmiðum prófanna og matsferil (þegar hann verður tilbúin).

Skólinn nýtir sér Orðarún til að meta lesskilning í 3. -8. bekk. Einnig eru lesskilningspróf lögð fyrir í 9. og 10. bekk þrisvar á ári. Mat fagþróunarteymis er að þessi próf séu barn síns tíma og beðið er eftir nýjum prófum.

Viðhorf og líðan

Viðhorfskannanir Skólapúlssins eru lagðar fyrir úrtak nemenda í 6 - 10. bekk sex sinnum á skólaári og annað hvert ár hjá 2. - 5. bekk. Þeir þættir sem eru marktækt yfir meðaltali eru taldir með styrkleikum skólans en þeir þættir sem eru marktækt undir meðaltali fara í umbótaferli. Einnig er skoðað hvernig niðurstöður skólans þróast yfir tíma og gripið til aðgerða ef þurfa þykir. Opin svör eru flokkuð og greind og sett í styrkleika eða umbætur eftir því sem við á.

Menntastefna og stefna skólans

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áherslupáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með starfsfólki og/eða fagmennsku/þróunarteymi skólans. Það auðveldar skólanum að halda markvisst utan um innleiðinguna og sjá framþróun menntastefnunnar.

Áherslur 2024-2025

Loftslagsmál og umhverfi

Vorið 2023 fékk Rimaskóli þá viðurkenningu að hafa náð tveimur að fjórum Grænum skrefum. Skólaárið 2024-2025 verður unnið að því að uppfylla skref nr. 3 og 4. Starfandi er teymi í skólanum sem leggur línurnar í þessum málum.

Rimaskóli sótti um styrk að Erasmus verkefni til fimm ára. Þar er lagt upp með að vinna meðal annars með loftslagsmál og sjálfbærni með nemendum okkar.

Markviss menntun fyrir öll börn

Lögð er áhersla á að veita nemendum okkar sem besta menntun sem völ er á. Við horfum sérstaklega á erlendu nemendur okkar en skólaárið 2024-2025 eru tveir kennarar sem koma að kennslu í nýbúaveri. Þeir vinna í teyrum í samstarfi við umsjónarkennara.

Sjálfsefning, félagsfærni og lýðræði

Rimaskóli hefur verið þátttakandi í Vinaliðaverkefninu undanfarin ár. Það verkefni hefur horft sérstaklega á nemendur í 1., – 7.bekk. Skólaárið 2023-2024 var tekin ákvörðun að efla unglingastigið og þá ekki síður að kalla eftir röddum nemenda og efla lýðræði. Rimaskóli skrifaði undir samning um innleiðingu Réttindaskóla UNICEF nú á haustönn. Áfram er unnið að kalla eftir röddum nemenda á þessu skólaári og halda tveir kennarar utan um það verkefni sem og að vinna að því að efla nemendaráð, nemendalýðræði og styðja við nemendur í skólaráði.

Heilbrigði og vellíðan

Nemendur og starfsfólk er hvatt til að taka þátt í verkefnum s.s. Göngum í skólann, Hjólum í vinnuna og Lífshlaupinu. Haldin er keppni sem tengist "Göngum í skólann" og er veitt viðurkenning fyrir þann árgang á hverju stigi sem stendur sig best. Sá árgangur fær Gullskóinn.

Nýsköpun og framsækni í námi og leik

Rimaskóli hefur undanfarin ár unnið með nýsköpun í smíðju hjá 6. bekk og hafa nokkur verkefni verið meðal annars send í nýsköpunarkeppnina. Valgreinar á mið- og unglingastigi bjóða upp á nýsköpun og framsækni sem gefur nemendum tækifæri að vinna með sína styrkleika. Skólaárið 2024-2025 tók Rimaskóli þátt í Lego League keppninni. Jafnframt eru kennarar skólans duglegir að innleiða tækninýjungar inn í nám nemenda sinna.

Þróunarverkefni skólans tengd menntastefnu Reykjavíkur

Skólaárið 2024 var sótt um styrk til að efla nemendur í leik og söng. Áherslur verkefnisins skiptist í tvo þætti: Sviðslistarverkefni sem dreifast yfir veturinn hvort sem er í Rimafjöri hjá nemendum í 1. – 10.bekk, helgileik hjá 5. bekk eða skógarleikriti hjá 6. bekk. Á unglingastigi er Skrekkur en þar er sífellt verið að reyna að fá breiðan hóp nemenda til þátttöku. Samsöngur og tónlist er mikilvægt að samtvinna við skólastarfið. Rimaskóli hefur hug á að efla söng og söngstundir. Söngur á sal er í desember, tengt jólum, og síðan fyrir valda árganga yfir skólaárið. Settur var upp kór fyrir nemendur í 2. – 4.bekk sem Jóhanna Halldórsdóttir stýrir einu sinni í viku.

Matsáætlun skólans

Stjórnun og fagleg forysta	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
1.1 Samvikni í stefnumótun				X	
1.2 Faglegt samstarf og samræða					
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu		X			
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	X				
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir			X		
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting			X		
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks				X	

Nám og kennsla	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
2.1 Inntak og námskrá					
2.2 Árangur náms					X
2.3 Gæði kennslu	X				
2.4 Skipulag náms		X			
2.5 Námsvitund			X		
2.6 Ábyrgð og þátttaka					X

Innra mat	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
3.1 Skipulag	X	X	X	X	
3.2 Framkvæmd	X	X	X	X	
3.3 Umbætur	X	X	X	X	

Námsárangur nemenda	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Lesfimi	X	X			
Matsferill		X			
Stafakannanir 1. bekkur	X	X			
Leiðsagnarnám	X	X			
Lesskilningur - orðarún	X	X			

Viðhorf og líðan	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Skólapúlsinn 2.-5. bekkur	X		X		X
Skólapúlsinn 6.-10. bekkur	X	X	X	X	X
Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun					
Skólapúlsinn - Foreldrakönnun	X		X		X
Stofnun ársins - starfsmannakönnun	X	X	X	X	X
Heillaspor - starfsmannasáttmáli	X		X		X

Menntastefna og stefna skólans	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	
Félagsfærni	X	X	X	X	
Heilbrigði	X	X	X	X	
Læsi	X	X	X	X	
Sjálfsefling	X	X	X	X	
Sköpun	X	X	X	X	

Matsáætlun [Rimaskóla til 2027 má finna hér](#).

Gæðaviðmið um skólastarf

Stuttur texti um þá kafla sem voru metnir

Eftirfarandi kaflar í [gæðaviðmiðum grunnskóla](#) voru metnir í Rimaskóla 2022-2024.

- **2.1.** Inntak og námskrár (2022-2023)
- **1.2.** Faglegt samstarf og samræða (2022-2023)
- **2.2.** Árangur náms (2023-2024)
- **2.6.** Ábyrgð og þátttaka (2023-2024)
- **2.3.** Gæði kennslu (2025-2026)
- **1.4.** Umbætur og innleiðing breytinga (2025-2026)

Í hverjum kafla eru nokkrar vísbendingar sem skólinn metur sem styrkleika sem og viðmið sem metin eru sem tækifæri til umbóta. Gert er grein fyrir styrkleikum og tækifærum til umbóta í niðurstöðum hér fyrir neðan.

Niðurstöður

Styrkleikar

Eftirfarandi viðmið voru metin sem styrkleiki skólans.

2.3. Gæði kennslu

1. Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg í vettvangsathugunum.
2. Kennslufæðileg hæfni kennara er sýnileg í vettvangsathugunum.
3. Fjölbreyttir kennsluhættir sjást í vettvangsathugunum.
4. Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur.
5. Markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlunum.
6. Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.
7. Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.
8. Námsmat tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.
9. Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum.
10. Í kennsluáætlunum kennara sést að kennsla tekur mið af mati á stöðu nemenda.
11. Séð er til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi.
13. Nemendur fá tækifæri til að bæta nám sitt á grundvelli leiðsagnarnáms/mats.
14. Í námsumhverfi nemenda eru sjónrænar stoðir nýttar til stuðnings við nám, t.d. námsveggir, myndrænt dagskipulag, tölur, stafir, leiðbeiningar.

1.4. Umbætur og innleiðing breytinga

2. Til er skráð verklag hvernig gögn út frá vísbendingu um árangur og líðan eru nýtt í skipulag kennslu til að efla árangur og framfarir nemenda.
3. Upplýsingum um árangur í skólastarfi samkvæmt vísbendingum 1. og 2. er miðlað reglulega og með skipulögðum hætti til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.
5. Stjórnendur eiga aðkomu að umbótaverkefnum, s.s. með því að sitja fundi.
6. Skólinn nýtir ráðgjöf frá háskólum í markvissri skólaþróun.
7. Upplýsingar um þróunarverkefni sem unnið er að eru skráðar og aðgengilegar hagsmunaaðilum.
8. Starfsþróunaráætlun er skráð og opinber og tekur mið af umbótaáætlun.
9. Þróunarstarf er í samræmi við sýn og stefnu skólans og stjórnvalda um skólastarf.
10. Þróunarverkefni eru birt á heimasíðu, skólanámskrá og/eða í starfsáætlun.
11. Samræmi er á milli þróunarstarfs og umbótaáætlana í kjölfar innra og ytra mats.

2.2. Árangur náms

5. Í skólanum er ríkjandi lestrarmenning þar sem unnið er markvisst að eflingu læsis í víðu samhengi í námi, kennslu og öðru daglegu starfi (má þar nefna bókasafn, námsumhverfi, upplestrarkeppnir, ofl.)
6. Unnið er að því að efla lestrarhvatnemenda með eftirfarandi lykilhugtökum: aðgengi – fjölbreytt lesefni, aðstæður – að lesa daglega og umræður-tækifæri til að ræða lesefnið.

Tækifæri til umbóta

Eftirfarandi viðmið voru metin sem tækifæri til umbóta

2.3. Gæði kennslu

12. Fjölbreyttir nemendur og nemendur af erlendum uppruna fá markvissa íslenskukennslu.

1.4. Umbætur og innleiðing breytinga

- 1.1. Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta, má þar m.a. nefna niðurstöður lesskimunarprófa, kannana Skólapúlsins og/eða annarra skimana/kannana sem lagðar eru fyrir.
4. Skólastjórnendur geta útskýrt áherslur sínar og markmið með breytingaferli.

2.2. Árangur náms

- 1. Fyrir liggur stefna um aðgerðir til að auka námsárangur nemenda.
- 3. Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og gerðar eru áætlanir um nám og framfarir nemanda/nemendahópa út frá niðurstöðum.
- 4. Niðurstöður sem fást með fjölbreyttu mati á læsi eru markvisst nýttar til að auka framfarir nemenda.
- 10. Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína í samskiptum og líðan nemenda, þ.m.t. einelti.
- 11. Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.
- 12. Gerð er grein fyrir viðmiðunum um námsmat út frá þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar í kennsluáætlunum.

2.6. Ábyrgð og þátttaka

- 2. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.
- 3. Nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulag náms og skólastarfs.
- 4. Til er skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflagð.
- 5. Nemendur vita hvaða áhrif þeir geta haft á skipulag, framkvæmd og mat á námi sínu og námsumhverfi.
- 6. Nemendur fá kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif.
- 7. Leitað er sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs.
- 9. Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám þeirra, aðbúnað og aðstæður í skólanum.
- 11. Námsþópar funda reglulega undir stjórn kennara með skipulögðum og vel undirbúnum hætti.
- 12. Nemendafulltrúar í skólaráði og á öðrum nefndum á vegum skólans fá til þess þjálfun. Rýnihópur kennara.
- 13. Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.

Námsárangur nemenda

Hvaða matstæki voru nýtt til að meta árangur nemenda

Leiðsagnarnám, kannanir, próf, verkefni, kynningar, myndbönd, munnleg og skrifleg skil.

Lesmál lagt fyrir í 2.bekk og skólinn fær þannig samanburð við aðra skóla í Reykjavík. Einnig tekur skólinn þátt í lesfimi sem er tekið 3x á ári og niðurstöður færðar inn í gagnagrunn - Skólagátt. Þar fáum við samanburð á hver staða bekkja er miðað við landið.

Niðurstöður

Styrkleikar

Kennarar eru að eflast í leiðsagnarnámi og eru duglegir að sækja sér endurmenntun.

Lestrarfærni er á nokkuð góðu róli. Það eru ákveðnir árgangar sem eru slakir og höfum við fengið ráðgjöf frá MML vegna þeirra.

Tækifæri til umbóta

- Samræming námsmats
- Samræming námsáætlana
- Skýrari framsetning
- Betri eftirfylgni skimanna
- Hæfniviðmið ávallt sýnileg nemendum, t.d. í formi gátlista

Viðhorf og líðan nemenda

Stuttur texti um viðhorfskannanir nemenda og hvaða þættir voru metnir

Skólaárið 2024 - 2025 voru lagðar fram eftirtaldar kannanir :

- Skólalúpsinn 2. - 5.bekkur
- Skólalúpsinn 6. - 10.bekkur
- Íslenska æskulýðsrannsóknin 4. - 10.bekkur
- Ungt fólk - 8. - 10.bekkur (Rannsókn og greining)

Einnig var haldið nemendafing meðal nemenda í 8. - 10.bekk um síma í skólafarfi og ofbeldi.

Niðurstöður

Styrkleikar

Í könnun Skólalúps 2 - 5.bekkja kom mesta ánægjan með skólann á meðal nemenda í 4.bekk en þau voru með kvarðann 5.5 eða 0,5 fyrir ofan landsmeðaltal. Einnig kom hjá þessum sama árgangi mesta ánægja af lestri eða 5,1 sem var 0,4 yfir landsmeðaltali.

Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆR) spurði einnig um krökkunum finndist gaman í skólanum og þar kom fram að 84% nemenda í 4.bekk og 78% nemenda í 5.bekk fannst gaman í skólanum. Báðir hóparnir voru fyrir ofan landsmeðaltal þar. Þar var einnig spurt um líðan í kennslustund og þar sögðu 91% nemenda í 4.bekk og 85% nemenda í 5.bekk þeim líða vel í kennslustund. Í þessari sömu könnun eru árgangar fyrir neðan landsmeðaltal sem segjast líða vel í kennslustundum: 7.bekkur (84%), 8. bekkur (85%) og 9.bekkur (76%). Þessi sama könnun styður niðurstöður Skólalúpsins um líða í frímínútum en þar líður nemendum yfir 91% vel og allt að 98% í 7.bekk.

Nemendur í 4. og 5.bekk telja það sé mjög mikilvægt að leggja sig fram í skólanum en það eru að meðaltali um 89% sem telja það sem er yfir tölum um Reykjavík og landið. Almenn er það einnig hjá 6. - 10.bekk en það er minnst hjá 9.bekk og undir öllum viðmiðum þar (71%).

Tækifæri til umbóta

Í könnun Skólalúpsins 2 - 5.bekkja kom minnsta ánægjan með skólann á meðal nemenda í 5.bekk en þau voru með kvarðann 4,4 eða 0,4 fyrir ofan landsmeðaltal. Þetta ár var erfitt fyrir þennan árgang en þau misstu bekkjarsystur sína á voflegan hátt í september 2024. Við fengum ráðgjafa til að halda utan um hópinn og einnig nýttum við [Heillaspor](#) sem við erum að innleiða í Rimaskóla. Heillaspor hugsað sem heilðræn nálgun til að styðja við farsæla þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi. Heillaspor leggur t.d. mikla áherslu á vellíðan og tengslamyndun um leið og stutt er markvisst við þroska barna. Unnið er í grunninn með [sex leiðandi vörðum](#) Heillaspora þar sem rauði þráðurinn er tilfinningalegt öryggi, sem er grundvöllurinn í Heillasporum.

Í könnun 2. - 5.bekkja kom fram í þættinum Vellíðan í skólanum að 2. og 5.bekkirnir var með töluna 4,8 og voru 0,5 og 0,6 fyrir neðan landsmeðaltal. Við höfum skýringu á 5.bekknun varðandi áfallið en með 2.bekkin áttum við okkur ekki á hvað liggur þar til grundvallar. Sá árgangur skilaði mestum árangri í lestri nú undir vorið þannig að við erum ekki að sjá að þessi vanlíðan sem þarna greindist hafi haft áhrif á námsárangur. Fimmti bekkurinn var að sama skapi með minnsta ánægjuna af lestri eða 3.9 eða marktækt undir landsmeðaltali 0,6.

ÍÆR - Fullorðinn sem gott er að tala við.

Þarna er spurt hvort það sé einhver fullorðinn í skólanum sem þú getur talað við þegar þú hefur áhyggjur eða líður illa. Þarna komum við ekki nógu vel út: 4.b- 64% (Reykjavík- rvk: 64%), 5.b - 39% (rvk. 57%), 6.b - 48% (rvk. 49%), 7.b -43% (rvk50%), 8.b 20% (rvk. 34%), 9.b 36% (rvk. 38%), 10.b 32% (rvk. 38%).

Einnig kom fram í ÍÆR að í 4. og 5.bekk upplifa nemendur truflun í kennslustund 43% sem er nokkuð sem við þurfum að fara að skoða en hjá eldri árgöngum kemur þetta bæði fram í þessari sömu rannsókn og hjá Skólalúpsinum.

ÍÆR - þegar er spurt um lestur skáldsagna á virðast nemendur í 8. - 10.bekk lesa minna en jafnaldrar í Reykjavík og á landinu og það er því tækifæri þar til að bæta hér í.

ÍÆR þegar spurt er um hvort nemendur séu þreyttir í skólanum þá kemur það skýrt fram að nemendur í 8. - 10.bekk eru þreyttari en aðrir nemendur og þar virðist landið vera minnst þreytt. Það er áhugavert þar sem Reykjavíkurborg fór í tilraunaverkefni að seinka skóladegi hjá nemendum en það virðist ekki vera að skila sér í minni þreytu.

ÍÆR spurðist fyrir um hversu oft nemandi upplifði vinnufrið í kennslustofunni. Þar kom Rimaskóli ekki vel út aðeins 5% nemenda í 6.bekk (26% RVK), 16% í 7.bekk (26% RVK), 15% í 8.b (30% RVK), 29% í 9.b (35% RVK), og 32% í 10.b (41% RVK). Þarna þarf að skoða betur agastjórnun og viðurlög því foreldrar upplifa þetta sama.

Rannsókn og Greining lagði fyrir könnun síðastliðið haust um vímuefnanotkun og þar er áhyggjuefn að nemendur í 8. - 10.b eru um 10% sem hafa orðið ölvuð um ævina (Grafarvogur 7,3% og Reykjavík 4,8%). Einnig segjast 12,9% hafa prófað kannabis (Grafarvogur 5,9% og Reykjavík 2,3%). Þarna eru viðvörunarbjöllur sem við starfsfólkið höfum haft áhyggjur af og virkjuðum samfélagslögregluna með okkur.

Viðhorf og líðan starfsfólks

Stuttur texti um starfsmannakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Gallup sér um að leggja fyrir könnunina "Stofnun ársins" fyrir starfsstöðvar Reykjavíkurborgar. Hún var lögð fyrir nóvember - desember 2024.

Þættirnir sem voru metnir:

- Stjórnun
- Starfsandi
- Launakjör
- Vinnuskilyrði
- Sveigjanleiki í vinnu
- Sjálfstæði í starfi
- Ímynd stofnunar
- Ánægja og stolt
- Jafnrétti

Niðurstöður

Styrkleikar

Mér kemur vel fram við samstarfsfólk mitt (4.50)

Á mínum vinnustað gegnir starfsfólk ábyrgðarstöðum óháð kyni (4.46)

Ég er stoltur af starfsstaðnum mínum (4.36)

Þegar á heildina er á litið hef ég mikil áhrif á hvernig starf mitt er unnið (4.36)

Ég get leitað til næsta yfirmanns míns ef ég þarf á því að halda (4.31)

Tækifæri til umbóta

Ánægja með loftgæði (1.97)

Ánægja með launakjör (2.12)

Ánægja með hljóðvist (2.28)

Laun starfsfólks eru ákveðin af sanngirni (2.50)

Ég á auðvelt með að taka sumarfrí eða önnur frí á þeim tíma sem mér hentar (2.54)

Viðhorf foreldra

Stuttur texti um foreldrakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Lögð var fyrir foreldrakönnun Skólapúlsins fyrir skólaárið 2024-2025. Hún var framkvæmd í febrúar 2025. Í úrtaki voru 121 og svarhlutfall var 71,1%

Þættir sem voru metnir voru:

- Nám og kennsla
- Velferð nemenda

- Aðstaða og þjónusta
- Foreldrasamstarf
- Heimastuðningur

Niðurstöður

Styrkleikar

1. Náms og kennsla

Náms og kennsla - 5,1 - hækkuð um 0,7 og erum á pari við landið. Vorum marktækt fyrir neðan landið síðustu ár.

1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans en hún hefur farið upp á við undanfarið ár er í dag 92,3% ánægð með stjórnun skólans.

2. Velferð nemenda

2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt hefur hækkað á milli kannana er núna 92,9% og er rétt fyrir ofan landsmeðaltal.

2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt kemur mjög vel út. 94% foreldra segja börnum líði vel í frímínútum sem er umtalsvert hærra en landsmeðaltal sem er 90,1%.

2.8. Ánægja foreldra með úrvinslu skólans á eineltismálum hækkaði gríðarlega á milli kannana en það var 33,3% en fór upp í 91,7% í ár.

3. Aðstaða og þjónusta

3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er hæsta einkunnin sem skólinn fær í könnuninni eða 6 af 9 og er yfir meðaltali landsins sem er 5.6.

4. Foreldrasamstarf

4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur hefur hækkað frá upphafi könnunar og er nú í fyrsta sinn yfir landsmeðaltali eða 60,7% á meðan landið er 55,4%.

5. Heimastuðningur

5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu er hár eða 4,8 af 9 en landið er 4.5.

Tækifæri til umbóta

1. Náms og kennsla

1.3 Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra er 79,5% sem er 1.2% fyrir neðan landið en við lækkum á milli kannana um-8.3% og það þurfum við að ígrunda

1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra. Þar erum við í 60,3% og lækkum um 2.9% á milli kannana og erum 6.7% fyrir neðan landið.

4.8. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans hefur farið niður í gegnum árin. Aðeins 60% foreldra eru ánægðir með heimasíðu skólans og er það marktækt fyrir neðan landsmeðaltal sem er 77,4%.

Menntastefna og stefna skólans

Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir

Rimaskóli nálgast þætti í menntastefnu Reykjavíkur með innleiðingu á leiðsagnarnámi og Uppeldi til ábyrgðar ásamt Vinaliðaverkefni. Rimaskóli skrifaði undir samning í september 2023 um innleiðingu Réttindaskóla UNICEF.

Rimaskóli leggur áherslur [menntastefnu Reykjavíkur fyrir árin 2022-2024](#) til grundvallar í sínu skólastarfi.

Loftslagsmál og umhverfi

- o Rimaskóli fékk vorið 2023 viðurkenningu að hafa náð tveimur að fjórum [Grænum skrefum](#). Skólaárið 2024-2025 verður unnið að því að uppfylla skref nr. 3 og 4. Starfandi er teymi í

skólanum sem leggur línurnar í þessum málum.

- o Rimaskóli sótti um styrk að Erasmus verkefni til fimm ára. Þar er lagt upp með að vinna meðal annars með loftslagsmál og sjálfbærni með nemendum okkar.

Markviss menntun fyrir öll börn

- o Lögð er áhersla á að veita nemendum okkar sem besta menntun sem völ er á. Við horfum sérstaklega á erlendu nemendur okkar en skólaárið 2024-2025 eru tveir kennarar sem koma að kennslu í nýbúaveri. Þeir vinna í teyllum í samstarfi við umsjónarkennara.

Sjálfsfelling, félagsfærni og lýðræði

- o Rimaskóli hefur verið þátttakandi í Vinaliðaverkefninu undanfarin ár. Það verkefni hefur horft sérstaklega á nemendur í 1. – 7.bekk. Skólaárið 2023-2024 var tekin ákvörðun að efla unglingastigið og þá ekki síður að kalla eftir röddum nemenda og efla lýðræði. Rimaskóli skrifaði undir samning um innleiðingu Réttindaskóla UNICEF nú á haustönn. Áfram er unnið að kalla eftir röddum nemenda á þessu skólaári og halda tveir kennarar utan um það verkefni sem og að vinna að því að efla nemendaráð, nemendalýðræði og styðja við nemendur í skólaráði.

Heilbrigði og vellíðan

- o Nemendur og starfsfólk er hvatt til að taka þátt í verkefnum s.s. Göngum í skólann, Hjólum í vinnuna og Lífshlaupinu. Haldin er keppni sem tengist göngum í skólann og er veitt viðurkenning fyrir þann árgang á hverju stigi sem stendur sig best. Sá árgangur fær Gullbikarinn.

Nýsköpun og framsækni í námi og leik

- o Rimaskóli hefur undanfarin ár haft nýsköpun í smíðju hjá 6.bekk og hafa nokkur verkefni verið meðal annars send í nýsköpunarkeppnina. Valgreinar á mið- og unglingastigi bjóða upp á nýsköpun og framsækni sem gefur nemendum tækifæri að vinna með sína styrkleika. Skólaárið 2024-2025 tekur Rimaskóli þátt í Lego League keppninni. Jafnframt eru kennarar skólans duglegir að innleiða tækninýjungar inn í nám nemenda sinna.

Þróunarverkefni tengd Menntastefnu Reykjavíkur

Skólaárið 2024 var sótt um styrk til að efla nemendur í leik og söng. Áherslur verkefnisins skiptist í tvo þætti: Sviðslistarverkefni sem dreifast yfir veturinn hvort sem er í föstudagsfjöri hjá nemendum í 1. - 10.bekk, helgileik hjá 5.bekk eða skógarleikriti hjá 6.bekk. Á unglingastigi er Skrekkur en þar er sífellt verið að reyna að fá breiðan hóp nemenda til þátttöku. Samsöngur og tónlist er mikilvægt að samtvinna við skólastarfið. Rimaskóli hefur hug á að efla söng og söngstundir. Þetta er hugsað í desember og svo fyrir valda árganga yfir skólaárið. Settur var upp kór fyrir nemendur í 2. – 4.bekk sem Jóhanna Halldórsdóttir stýrir einu sinni í viku.

Regnbogavottun

Rimaskóli hefur hlotið Regnbogavottun Reykjavíkurborgar sem hinseginvænn vinnustaður. Markmiðið með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar er að gera starfsemi Reykjavíkurborgar hinseginvænni, bæði fyrir starfsfólk og þjónustuþega og þannig koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks. Vottunin er hluti af því að framfylgja mannréttindastefnu borgarinnar. Allar starfsstöðvar Reykjavíkurborgar geta óskað eftir að fá Regnbogavottun.

[Hér má sjá nánari upplýsingar um regnbogavottun Reykjavíkurborgar.](#)

Niðurstöður

Styrkleikar

Sjálfsfelling, félagsfærni og lýðræði

Skólaárið 2024 - 2025 fór Rimaskóli í innleiðingu á Heillasporum. Þau byggjast á að horfa heildrænt á skólaumhverfið og hlutverk þess í að skapa umvefjandi og kærleiksríkt skólasamfélag sem hefur trú á möguleikum allra til að ná árangri í námi og daglegu lífi. Byggt er á heilarannsóknum þar sem meðal annars er lögð rík áhersla á vellíðan og tengslamyndun um leið og stutt er markvisst við þroska barna. Rannsóknir sem fóru fram í skólanum sína fram á að nemendum líður almennt vel í skólanum og í frímínútum. Það sem helst hallar á er að við þurfum að vinna betur að tengslum þeirra sem starfa í skólanum og nemenda svo þau geti leitað örugglega til aðila sem þau geta treyst.

Heilbrigði og vellíðan

Nemendum líður almennt vel og voru virk í átaki s.s. Göngum í skólann. Gullskórinn var afhentur í haust og nemendur hvattir til að hreyfa sig og sinna heilbrigðum lífstíl.

Nýsköpun og framsækni í námi og leik

Hópur nemenda í 7.bekk tók þátt í stuttmyndakeppni sexunnar og unnu til þriðju verðlauna. Þau tóku á mótí viðurkenningu í Ráðhúsi Reykjavíkur í maí 2025. Einnig vann hópur í valfagi í 10.bekk viðurkenningu fyrir bestu hönnun og forritun vélmennis í [Lego League](#) sem fór fram í nóvember 2024.

Tækifæri til umbóta

Loftslagsmál og umhverfi

- Við stefndum á að ná skrefum 3. og 4 í grænu skrefunum á þessu skólaári en það náðist ekki. Mjög lítið er eftir og gera má ráð fyrir að taka 2 fundi til að ganga frá þessum þáttum á nýju skólaári.

Markviss menntun fyrir öll börn

- Vegna veikinda þá þurftum við að draga aðeins úr þjónustu erlendra barna. Engu að síður var mjög fjölbreytt kennsla í gangi hjá nemendum með íslensku sem annað tungumál. Kennari sem sinnti henni var í námi til kennsluréttinda og vann verkefni því tengt.

Sjálfsþing, félagsfærni og lýðræði

- Innleiðing Barnasáttmálans hefði átt að ganga betur hjá okkur í vetur. Við náðum okkur ekki á strik þar og byrjun aftur næsta haust.
- Virkni nemenda í skólaráði hefur ekki verið nógu góð og þurfum við einnig að huga að því hvernig við getum virkt nemendur betur.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans

Fagþróunarteymi Rimaskóla vinnur að lokagerð umbótaáætlunar Rimaskóla. Farið er yfir gögn og skoðað hvar við þurfum að gera betur. Skólastjóri vinnur grunn vinnuna að greinargerðinni og leggur fyrir fagþróunarteymi á ágúst 2025. Þar mun hópurinn ganga frá umbótaáætlun og hún svo kynnt fyrir hagaðilum skólasamfélagsins.